

## ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 220/2019

frá 27. september 2019

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/800 frá 17. maí 2019 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar rýmkun á notkun karmínsýru, karmíns (E 120) í tiltekna kjötafurðir sem eru hefðbundnar á frönskum yfirráðasvæðum handan hafsins <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/801 frá 17. maí 2019 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun á ein- og tvíglýseríðum af fitusýrum (E 471) á tiltekin fersk aldin <sup>(2)</sup>.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 4) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 54zzzzr (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

- „– **32019 R 0800:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/800 frá 17. maí 2019 (Stjtið. ESB L 132, 20.5.2019, bls. 15),
- **32019 R 0801:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/801 frá 17. maí 2019 (Stjtið. ESB L 132, 20.5.2019, bls. 18).“

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 132, 20.5.2019, bls. 15.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 132, 20.5.2019, bls. 18.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) 2019/800 og (ESB) 2018/801, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 28. september 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 27. september 2019.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*

**Gunnar Pálsson**

*formaður.*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.